



Reykjavík, 17. febrúar 2026
USK26010011

Gvendargeisli 94 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. febrúar 2026 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Jónssonar, dags. 2. janúar 2026, um breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, Austur vegna lóðarinnar nr. 94 við Gvendargeisla, sem felst í að breyta tveimur skriðrýmum í sjónvarpsherbergi og vinnuherbergi og að bæta við glugga.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Gvendargeisla borgarhluta 10. Grafarholt-Úlfarsárd. og er hluti af íbúðarsvæði ÍB56 – Grafarholt, Reynisvatnsás.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag Grafarholts austursvæði, samþykkt í borgarráði 19. júlí 2002 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 94 við Gvendargeisla er steinsteypt einbýlishús, byggt árið 2004 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi stækkun hússins á lóðinni sem felst í því að tvö rými skráð sem skriðrými í kjallara verði hluti af húsinu.



Reykjavík



Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið.
- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi, á eigin kostnað.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iðna Másdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík